

Skrifaðu allt sem þú finnur um þessar tvær konur:

- Unnur
- Hallgerður

Teiknaðu mynd af þeim 😊

Hér er gott að nota nafnaskrána aftast í bókinni, eða „fænd“ skipun í rafrænni útgáfu. Þið þurfið þó ekki að skoða neitt sem kemur eftir 17. kafla.

Gerðu **hugarkort** sem tengir helstu persónur og lýsir helstu atburðum í köflum 9-17.

Skoðaðu vel ráð Hrúts í 13. kafla og snaraðu þeim yfir á nútímamál.

Ást og ástleysi:

Skoðið eftirfarandi sambönd, skýrið frá því hvernig þau eru komin til og greinið hvort að ástin sé til staðar eða ekki. Athugið að það er oftast en ekki túlkunaratriði en þarft er að rökstyðja svörin:

1. Hrútur og Gunnhildur
2. Hrútur og Unnur
3. Hallgerður og Þorvaldur
4. Hallgerður og Glúmur

Nú er jafnréttisvika í MS og því er vert að skoða aðeins hvernig (ó)jafnrétti birtist í Njálu. Skrifaðu um 150 orða umfjöllun um (ó)jafnrétti eins og það birtist í sögunni og taktu a.m.k. þrjú góð og skýr dæmi.

Hvernig er Þjóstólfi lýst? (k. 9 o.áfr.)

Hver er staða hans í samfélaginu og hvað á hann sameiginlegt með konunum í sögunni?

Teiknaðu af honum mynd 😊